

1871.

1. apríl.

25. Tilskipun til bráðabirgða um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Um leið og Vér að öðru leyti áskiljum Oss, áður en Vér gjörum út um þetta mál að fullu og öllu, að bera það undir álit Vors trúa alþingis, bjóðum Vér og skipum fyrir til bráðabirgða á þessa leið:

Öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, skulu veittir 450 rd. úr hinum íslenzka landssjóði í árleg eptirlaun frá 1. apríl. þ. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

12. apríl.

26. Umboðsskrá fyrir *Vilhjalm L. Finsen*, assessor í hæzta rétti, *O. M. Lütken*, herskipsstjóra, *H. G. Petersen*, póstumsjónarmann fyrir eyjastiptin, *Jón Sigurðsson*, alþingismað, og *C. P. A. Koch*, stórkaupmann, til að ganga í nefnd að rannsaka, hvort koma megi á reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland.

Kristján hinn Níundi, o. s. frv.: Vita skuluð þér, Vorir elskulegu herrar: *Vilhjalmur L. Finsen*, assessor í hæzta rétti, riddari dannebrogssorðunnar, *O. M. Lütken*, herskipsstjóri, kommandeur dannebrogssorðunnar og dannebrogsmáður, *H. G. Petersen*, póstumsjónarmaður fyrir eyjastiptin, riddari dannebrogssorðunnar, *Jón Sigurðsson*, alþingismaður, riddari dannebrogssorðunnar, og *C. P. A. Koch*, stórkaupmaður; að með því alþing hefir í fleiri en eitt skipti farið þess á leit, að komið verði á reglulegum gufuskipsferðum í kring um strendur Íslands, en engar skýrslur eru til,